

EFTIRMÁL: SVEINN MAGNÚSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI:

Bjargar mörgum frá innlögn

Fjárframlag til samstarfsverkefnis Fjölmennrar og Geðhjálpar fyrir næsta ár er loks í höfn. Á ýmsu hefur gengið með verkefnið síðustu miss-erin. Síðla sumars leit út fyrir að á annað hundrað manns myndu ekki geta hafið nám í húsnæði Geðhjálparar í haust eins og þeir höfðu sótt um, þar sem engin víska fékkst um fjármuni til kennslunnar. Öllu starfsfólki verkefnisins hafði verið sagt upp í vor og fólkið sem hafði sótt um nám í hinum ýmsu greinum beið í óvissu.

Þegar allt virtist komið í óefni bárust þær fréttir frá fjárveitingavaldinu að námið á haustönn yrði tryggt. Enn syrti í álinn þegar leið nær jólu-um því enn vantaði fjármuni til



SVEINN MAGNÚSSON

næsta árs. Vonin þvarr eftir því sem dagarnir liðu og menn kvöddust í fullkominni óvissu um framhaldið við haustannarlök.

„En svo fengum við fregnir um fjárframlag og að reksturinn yrði tryggður á næsta ári í samræmi við þarfir,“ sagði Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálpar sem sagði um 100 manns hafa sótt um nám á vorönn. „Það er engin spurning að þetta nám hreinlega bjargar mörgum frá innlögn á sjúkrahús,“ sagði hann enn fremur. „Það eru allir sammála um mikilvægi þessa náms og nú vonum við, öll sem eitt, að baráttunni fyrir tilveru þess sé endanlega lokið og að það verði tryggt í sessi til framtíðar. Það græða allir á því.“